

# KIRKJUGARÐARÁÐ

## 63. fundur haldinn 18. ágúst 2008 í fundarsal Biskupsstofu.

---

**Mætt voru:** Ragnhildur Benediktsdóttir skrifstofustjóri og formaður ráðsins, Þórsteinn Ragnarsson forstjóri KGRP, fulltrúi Kirkjugarðasambands Íslands, Smári Sigurðsson fulltrúi Kirkjubings, Valtýr Valtýsson sveitarstjóri, fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Gunnar Bollason sat fundinn sem fulltrúi Fornleifaverndar ríkisins í fjarveru Kristínar og ritaði fundargerð. Einnig sátu fundinn þeir Guðmundur Rafn Sigurðsson framkvæmdastjóri og Sigurgeir Skúlason verkefnisstjóri Kirkjugarðaráðs.

### 1. Setning fundar

Formaður setti fundinn kl. 13:30. Ákveðið var að bíða með afgreiðslu fundargerðar 62. fundar til næsta fundar.

### 2. Ameríkuferð og vinna við handbók

Guðmundur Rafn Sigurðsson gerði grein fyrir drögum að Kirkjugarðahandbók sem hann vann að meðan á Ameríkudvöl hans stóð.

### 3. Erindi frá Kirkjugörðum Reykjavíkurprófastsdæma

Fjallað var um innkomið erindi frá Kirkjugörðum Reykjavíkurprófastsdæma þar sem fram kemur ósk um að stofnunin fái greitt fyrir vinnu starfsmanna sinna við greiðslu fjármuna frá ríkinu til kirkjugarða. Kirkjugarðaráð samþykkti að greiða þennan kostnað eftir reikningi, en áður hafði komið fram að Ríkisendurskoðun teldi það eðlilegt.

### 4. Erindi frá Fornleifavernd ríkisins vegna viðgerða á legsteini

Rætt undir lið 8. Önnur mál.

### 5. Aðalskipulag Fljótsdalshéraðs 2008-2028

Kirkjugarðaráð gerir engar athugasemdir við aðalskipulagið. Verður sveitarfélaginu tilkynnt það.

### 6. Ársreikningur Kirkjugarðasjóðs

Sigríður Dögg Geirsdóttir fjármálastjóri Biskupsstofu mætti á fundinn og kynnti ársreikning Kirkjugarðasjóðs. Var ársreikningurinn samþykktur af hlutaðeigandi fundarmönnum, en frumriti verður komið til Kristínar Huldar Sigurðardóttur sem boðað hafði forföll.

### 7. Næsti fundur

Ákveðið var að halda næsta fund Kirkjugarðaráðs þann 8. september n.k. á Húsavík.

### 8. Önnur mál

Fjallað var um erindi frá Fornleifavernd ríkisins vegna viðgerða á legsteini sem og um bréf sem afhent var Guðmundi Rafni framkvæmdastjóra við upphafi fundar og dreift var til fundarmanna. Í bréfinu var ítrekað að styrkþegar hefðu samband við Fornleifavernd ríkisins áður en til framkvæmda í eða við kirkjugarðana kæmi og að öll erindi er varða slíkar framkvæmdir verði send Fornleifavernd til umfjöllunar. Samþykkt var að Guðmundur Rafn og Kristín Huld hittust og færu yfir hvernig þessum málum skyldi háttað í framtíðinni.

Herra Karl Sigurbjörnsson biskup mætti stutta stund á fundinn með fyrirspurn um frágang grafa að lokinni greftrun. Biskup hafði fylgst með fréttum frá Svíþjóð fyrr á árinu þar sem komið höfðu upp tilfelli þar sem þrýst var með gröfu ofan á jarðveginn yfir kistunni eftir jarðsetningu þannig að kistan félli saman. Vildi biskup fullvissa sig um að slík vinnubrögð væru ekki viðhöfð hér á landi. Smári og Þórsteinn sögðu slíkt ekki tíðkast hér á landi og að grafarar fylltu tilhlýðilega í grafirnar að greftrun lokinni. Ákveðið var að kynna þessi mál á næsta KGSÍ- þingi til forvarna.

Fleira var ekki rætt og var fundi slitið kl. 15:50.

---

Ragnhildur Benediktsdóttir,  
formaður

---

Gunnar Bollason,  
ritari